



SKÝRSLA STJÓRNAR

Landssambands hestamannafélaga
Starfsárið 2018 - 2019



Aðalstjórn LH 2018-2020

Formaður: Lárus Ástmar Hannesson

Varaformaður: Sóley Margeirsdóttir

Gjaldkeri: Ólafur Þórisson

Ritari: Oddrún Ýr Sigurðardóttir

Meðstjórnendur:

Ágúst Hafsteinsson

Eggert Hjartarsson

Stefán Logi Haraldsson

Varastjórn LH 2018-2020

Lilja Björk Reynisdóttir

Þórdís Arnardóttir

Rósa Birna Þorvaldsdóttir

Siguroddur Pétursson

Ómar Ingi Ómarsson

Stjórnarfundir

Frá síðasta landsþingi hafa verið haldnir 12 stjórnarfundir. Fundargerðir er að finna inn á vef sambandsins, <https://www.lhhestar.is/is/um-lh/stjorn/fundargerdir>

Stjórnarmenn hittust á vinnuhelgi í Stykkishólmi helgina 6. - 7. Desember þar sem skerpt var á vinnureglum, lögð drög að starfsárinu og skipað í starfsnefndir. Varamenn eru ávallt boðaðir á stjórnarfundum. Flestir stjórnarmenn búa utan höfuðborgarsvæðisins og því hefur fjárfundarbúnaður komið að góðum notum. Vinnuhelgi stjórnar verður haldin

22.-23.nóvember á Hvolsvelli og næstu fundardagar stjórnar verða 13. desember, 10. janúar, 31. janúar – 1. febrúar FEIF þing Hótel Örk í Hveragerði. Starfsdagskrá 2020 verður ákveðin á vinnuhelgi stjórnar.

Skrifstofuhald LH

Skrifstofan er opin milli klukkan 10 – 14 alla virka daga, en vinnutími starfsmanna er frá 9 -17 alla virka daga. Breytingar hafa verið á skrifstofu LH, í október 2018 lét Hilda Karen Garðarsdóttir af störfum, Hjörný Snorradóttir sem hafði verið í 80% starfi sem verkefnastjóri var ráðin sem framkvæmdastjóri í desember 2018 í 100% starf. Í janúar 2019 var Berglind Karlsdóttir ráðin sem verkefnastjóri einnig í 100% starfshlutfall. Vilfríður Fannberg Sæþórsdóttir var ráðin sem sumarstarfsmaður í fjóra mánuði í 100% starf og fékk svo framhaldsráðningu í 70% starf 1.október síðastliðinn til þess að sinna afreksmálum og hæfileikamótun LH. 1. nóvember verður svo sú breyting á skrifstofu að Hjörný Snorradóttir og Berglind Karlsdóttir munu skipta um starfstítl Berglind Karlsdóttir verður framkvæmdarstjóri og Hjörný Snorradóttir verður verkefnastjóri.

Nefndir LH

Níu nefndir eru starfandi hjá LH, það eru aganefnd, keppnisnefnd, laganefnd, landsliðsnefnd, mannvirkjanefnd, menntanefnd, ferða- samgöngu og öryggisnefnd, tölvunefnd og æskulýðsnefnd. 11. Janúar var haldin nefndarfundur til að koma nefndarstarfinu af stað þar sem lagðar voru línur fyrir árið. Nefndirnar skila skýrslum sem eru aðgengilegar á vefsvæði formannafundar <https://www.lhhestar.is/is/um-lh/formannafundir/formannafundur-2019> en þar er hægt að sjá hver staða verkefna er í hverri nefnd. Mest hefur mætt á landsliðsnefnd vegna nýrra áherslna LH í afrekssmálum. Að auki er starfandi starfshópur um úrbætur í reiðvegumálum sem settur var saman í kjölfar málþings um úrbætur í reiðvegumálum haustið 2017 og svo starfshópur um gæðingafimi sem settur var saman í vetur í kjölfar þingsskjal 7. sem samþykkt var á síðasta landsþingi en samkvæmt því bar stjórn að skipa starfshóp til að vinna að því að Ísland verði leiðandi í því að gera gæðingafimi fullgildri keppnisgrein í lögum og reglum sambandsins. Stefnt er að því að hægt verði að keppa í gæðingafimi eftir nýju keppnisreglunum á næsta keppnistímabili.



FEIF þing í Berlín 2019

Fulltrúar LH héldu til Berlínar í byrjun febrúar, Lárus Ástmar Hannesson formaður, Sóley Margeirsdóttir varaformaður, Ólafur Þórisson gjaldkeri og formaður keppnisnefndar LH. Karen Woodrow formaður æskulýðsnefndar LH og Hjörný Snorradóttir framkvæmdastjóri. Hefð er fyrir því að formenn bæði æskulýðsnefnda og keppnisnefnda aðildarfélaga FEIF taki þátt í þinginu. LH fékk styrk frá framkvæmdasjóði ÍSÍ fyrir flugi formanns, varaformanns og gjaldkera. Einnig eigum við fulltrúa í nefndum FEIF. Huldu Gústafsdóttur í keppnisnefnd, Helgu Björg Helgadóttur í æskulýðsnefnd, Svein Ragnarsson í menntanefnd, Þorvald Kristjánsson í kynbótanefnd og Hlín Christiane Mainka Jóhannesdóttir í leisure riding nefnd. Á þinginu bauðst LH til að halda næsta FEIF þing á Íslandi í febrúar 2020.

FEIF þing á Íslandi 2020

Stjórn FEIF þáði boð LH um að halda FEIF þingið á Íslandi. Þingið verður haldið á Hótel Örk í Hveragerði 31. janúar og 1. febrúar 2020. Strax í upphafði var horft til þess að mögulegt væri að bjóða þingfulltrúm að koma degi fyrr og fylgjast með keppni í Meistardeild hestaíþrótt. Verið er að dagskrá þingsins og vinna í tillögum sem stjórn LH mun senda fyrir þingið.



Leiðtoganámskeið FEIF í Hveragerði 2018

Landssamband hestamannafélga tók að sér að halda leiðtoganámskeið FEIF í Hveragerði í nóvember 2018. Námskeiðið er fyrir ungt fólk á aldrinum 18-26 ára, markmiðið er að hvetja ungt fólk áfram því þau eru leiðtogar framtíðarinnar, æskulýðsnefnd FEIF hefur staðið að þessum námskeiðum sem eru haldin í aðildarlöndum FEIF. Helga B. Helgadóttir hélt bara utan um námskeiðið en það var haldið í húsakynnum Eldhesta og var vel sótt um 35 aðilar frá 10 aðildarlöndum FEIF. Námskeiðið þótti takast einkar vel en þetta var þriðja námskeiðið. Það fyrsta var haldið í Svíþjóð og þar á eftir í Þýskalandi, næsta leiðtoganámskeið verður svo haldið í Hollandi í nóvember næstkomandi og það verða einn til tveir fulltrúar frá Íslandi þátttakendur þar.



FEIF Youth-camp í Hestheimum 2019

LH tók að sér að halda FEIF Youth-camp sumarþúðirnar 2019 en þær eru haldnar annað hvert ár á móti FEIF Youth-Cup sem er með meiri áherslu á keppni. FEIF Youth-camp eru sumarþúðir fyrir hestakrakka á aldrinum 13-17 ára á árinu og markmið þeirra er að kynna krökkum frá aðildarlöndum FEIF fyrir (hesta) menningu annara þjóða og hitta ungt fólk með sama áhugamál. Umsækjendur þurfa að hafa einhverja reynslu í hestamennsku, vera félagar í hestamannafélagai og skilja og geta talað ensku. Ísland átti fjóra þátttakendur í sumar en það voru 32 þátttakendur í heild frá 11 aðildarlöndum FEIF. Þúðirnar voru haldnar í Hestheimum m.a. var farið var í útreiðar frá Kálfholti, rútuferð gullna hringinn og heimsókn að Sumarliðabæ. Þúðirnar tókust mjög vel og var almenn ánægja meðal þátttakenda.

Samstarf Norðurlandanna

Formenn íslandshestasambanda Norðurlandanna eru í samstarfi sem kallast NIHC. Fundað hefur verið reglulega í kringum stóra viðburði eins og FEIF þing, Norðurlandamót, Icehorse Festival í Danmörku og núna síðast á HM í Berlín.

ÍSÍ þing 2019

LH á rétt á að senda 7 fulltrúa á ÍSí þing. Það voru þau Lárus Ástmar Hannesson, Ágúst Hafsteinsson, Eggert Hjartarsson og Hjörný Snorradóttir sem sátu þingið. Stjórn LH samþykkti að vera flutningsaðili að tillögu fyrir ÍSí þing ásamt BLÍ, DSÍ, FSÍ, HSÍ, ÍF, JSÍ, KLÍ, KKÍ, SÍL, ÍSS, SSÍ um þjóðarleikvang og aðstöðu landsliðsfólks Íslands. Þingið kallaði einnig eftir endurskoðun á tölvukerfinu felix.is og samþykkt var að setja nýja óháða tölvunefnd til að fara yfir stöðuna. LH á fulltrúa í þessari nýju nefnd Kristínu Jónasdóttur sem einnig situr í tölvunefnd LH.

Samstarf við Horses of Iceland (HOI)

Samstarf við Horses of Iceland hefur aukist töluvert á þessu ári og LH náð að nýta þá möguleika sem HOI hefur upp á að bjóða fyrir sambandið.

a) Dagur Íslenska hestsins



Ákveðið var að LH stæði ekki fyrir skrautreið í miðbæ Reykjavíkur eins og undanfarin ár. Í staðin væri áherslan lögð á alþjóðlegan dag íslenska hestsins 1.maí í samstarfi við Horses of Iceland (HOI) markaðsverkefnið. Hestamannafélögin voru hvött til að setja hestatengda dagskrá á sínum félagssvæðum með það að markmiðið að kynna hestamennsku og hvetja almenning til að koma í heimsókn í hesthúsaðverfi landsmanna til að kynna íslenska hestinum og umhverfi hestamannsins. LH og HOI auglýstu svo dagskránnar á vefmiðlum mbl.is, visir.is og í Fréttablaðinu, auk þess að nota vefsvæði, facebooksíður og instagram LH og HOI. Fjölmörg félög settu upp metnaðarfulla dagskrá sem var vel sótt. Skrifstofa LH sendi einnig link á litabók LH og link á myndefni HOI á alla leikskóla á höfuðborgarsvæðinu og hvatti starfsmenn til að hefja samræður um íslenska hestinn við börnin

b) Íslenski hesturinn á 17. Júní




LH og Horses of Iceland í samstarfi við Reykjavíkurborg stóðu fyrir sýningu á íslenska hestinum í miðbæ Reykjavíkur á 17. júní. Sýningin var á Ísbjarnartúni við tjörnina og tóskt mjög vel. Fjórir knapar sýndu gangtegundir þau Rakel Sigurhandsóttir, Ásta Margrét Jónsdóttir, Sara Katarína Snorrason úr Fákí og Jónas Aron Jónasson úr Sörla. Súsanna Sand Ólafsdóttir og Thelma Rut Davíðsdóttir brugðu á leik með hestum sínum Hylli og Goða og hundinum Sönnu. Margt var um manninn í bænum og margir stoppuðu til að fylgjast með sýningunni, klappa hestunum og taka myndir. Vonandi verður framhald á þessu samstarfi við Reykjavíkurborg og þá hægt að festa þetta í sessi í dagskrá Reykjavíkurborgar á 17.júní, þar sem minnt er á íslenska hestinn og möguleika hans meðal almennings.

c) Samfélagsmiðlar og ljósmyndari

HOI tók lagði til starfsmann til þess að aðstoða LH við að eflast og auka sýnileika LH á samfélagsmiðlum bæði á Instagram og facebook. Fylgjendum á bæði Instagram og facebook fjölgaði umtalsvert. Það að ná til fleiri á þessum miðlum gerir okkur kleift að ná til stærri hóps innan hestamenskunnar og veita betri upplýsingagjöf til hestamanna. Einnig lagði HOI til ljósmyndara á hinum ýmsu viðburðum eins og alla viðburði í kringum landsliðið bæði hér heima og á HM.

d) Ert þú hestamannafélagi?

LH og HOI eru tilbúin að fara í samstarf við hestamannafélögin til að hefja átak í því að höfða til samvisku hestamanna sem eru að stunda hestamennsku en telja sig ekki þurfa að greiða félagsgjöld að gera það. Hugmyndir um hvernig því geti verið háttað verður kynnt á formannafundinum 1. nóvember



Samstarf við BÍ og myndbönd á WorldFeng

Samstarf LH við BÍ um að setja myndefni frá landsmótum o.fl. hefur verið með ágætum Nú eru komin inná vefinn landsmótin 1954, '58, '66, '70, '74, '78, 82, '86, 2011, '12, '14, '16 og '18. Einnig er þar aðgengilegt myndefni af kynbótahrossum á fjórðungsmóti Vesturlands 2017. Upptökunar af landsmóti 2011 sem talið var að hefðu glastast, þá fannst hluti þeirra og er töluvert af því efni komið inn. Myndefnið sem keypt var Sveini M. Sveinsyni í Plús Film frá landsmótunum 2000-2002-2004-2006 og 2000 var fært yfir á stafrænt form. Í sumar var hafist handa við að setja það myndefni inn og var mótið frá því 2000 að miklu leiti komið inn þegar upp kom að yfirfærslan var gölluð. Ekki var hægt að spila myndböndin á öllum gerðum af tölvum og var það því tekið út aftur og ákveðið að kanna hvað lægi að baki. Verið er að vinna að því núna og vonandi verður hægt að setja það efni inn á næstunni.

Hestamannafélögum var boðið að kaupa aðgang að myndefninu fyrir sína félagsmenn á 350kr á hvern greiðandi félagsmann 18-69 ára fyrir árið. Nú hafa sex félög keypt aðgang en það eru; Dreyri, Geysir, Kópur, Trausti, Sleipnir og Snæfellingur ásamt Félagi hrossabænda. Einnig hafa norska, sænska og belgíska íslandshestafélögin keypt aðgang fyrir alla sína félagsmenn.

Sportfengur og LH kappi

Sportfengur hefur reynst vel á síðasta keppnistímabili og viðræður standa yfir hvort svíar, normenn og finnar muni nota Sportfeng á næsta keppnistímabili. Nú þegar hefur kefið verið notað á nokkrum mótum í Svíþjóð með góðum árangri.

Skógarhólar

Endurnýjaður var samningur við Bergdísí Finnbogadóttur og Árna Guðmundsson en þau hafa verið staðarhaldarar á Skógarhólum undanfarin þrjú ár. Vel hefur gengið að bæta aðstöðu á Skógarhólum auk þess sem reksturinn er góður þrátt fyrir talsverðar endurbætur.

Eggert Hjartarsson stjórnarmaður er tengiliður stjórnar við staðarhaldara. Hann lagði fyrir kostnaðargreinda tillögu að verkefnum á Skógarhólum til næstu tveggja ára. Á vormánuðum var farið í framkvæmdir m.a. lagfæringar á salerni, endurnýjun á rafmagni og rafmagnsofnum, útihurðir lagaðar, vatnslagnir í beitarhólfum endurnýjaðar, girðingar lagfærðar og fl. Eftirfarandi fyrirtæki styrktu framkvæmdirnar með gjöfum á efni eða veittu góðan afslátt. Það voru Byko, Hagblikk ehf, Lífland, Málning hf. og steinull og er stjórn LH þeim þakklátt. Einnig lögðu sjálfboðaliðar fram vinnu og þakkar stjórn þeim einnig óeigingjarnt starf, það voru þeir Ágúst Hafsteinsson og starfsmenn frá Já pípulögnum, Róbert Gunnarsson og starfsmenn frá Afilmót byggingafélag, Sveinn Aron Sveinsson og Eggert Hjartarsson.

Gerður var samningur við ferðaþjónustufyrirtækið In to the Glasier um að fá afnot af bílastæði við Skógarhóla gegn gjaldi. Leigunni fylgdi leyfi til að leggja tveimur farartækjum á fyrirfram ákveðnum stað og afnot af neysluvatni til þvotta á farartækjunum. Fyrirtækið nýtti sér aðstöðuna töluvert minna en áætlað var en það kemur til greina að gera svipaðan samning aftur á næsta ári.

Óskað var eftir sjálfboðaliðum til að leggja sitt af mörkum við uppbyggingu á Skógarhólum auk aðila sem hafi áhuga á þekkingu á sögu staðarins. Boðað var til fundar þar sem áhugasömum var boðið að skrá sig í hópinn „Vinir Skógarhóla“ en stjórn mun skipa starfsnefnd sem mun halda utan um það verkefni. Hugmyndir hafa verið uppi um að taka saman sögu Skógarhóla í máli og myndum sem yrði svo á aðgengilegu og skemmtilegu formi á Skógarhólum.

Stjórn LH, sendi inn umsókn um styrk til framkvæmdasjóðs ferðamannastaða til þess að gera upp réttina á Skógarhólum og vonandi verður tekið jákvætt í þá umsókn.



Ráðstefna um keppnismál

LH í samtarfi við FT stóðu fyrir fundi undir yfirskriftinni “Eru dómarar og knapar að tala sama tungumál”. Fundurinn var haldinn í reiðhöllinni í Víðidal og var ágætlega mætt, fundinum var streymt og var góður hópur sem fylgdist með þar. Frummælendur voru frá HÍDÍ, GDLH, fulltrúi knapa, keppnisnefnd LH og FT. Málefnalegar umræður fóru fram.

LM ehf.

LM ehf. er laust við lausaskuldir en skuldar eigendum sínum. LM ehf. gerði viðauka við samninga vegna landsmóta 2018 og 2020 þar sem endurskoðuð var m.a. þóknun til handa LM ehf. frá mótshöldurum, sjá samninga á heimasíðu LH. BÍ hefur eftirlátið FHB sinn hlut í LM sem er 33% eignarhlutar og hefur FHB tilnefnt Svein Steinarsson sem stjórnarmann í LM ehf. í stað Gunnars Kristins Eiríkssonar sem var stjórnarmaður BÍ í félagingu. Einnig var Ágúst Hafsteinsson skipaður varamaður í stjórn LM ehf í stað Jónu Dísar Bragadóttur.

Landsmót 2020

Það er ljóst að vel er unnið að landsmótinu sem haldið verður á Hellu dagana 6. – 12. júlí 2020 Samstarf LH/LM ehf. við mótshaldara er með ágætum og er fulltrúi stjórnar LH/LM ehf. í mótisstjórn er Gunnar Kristinn Eiríksson. Það er von okkar að við hestamenn fjölmennum á mótið og njótum samvista við hestafólk og berjum okkar afrekshesta augum. Samingaviðræður standa yfir við hestamannafélagið Sprett vegna landsmótsins 2022. Einhugur er í stjórn LM ehf. um að breytt rekstrarform sé komið til að vera þ.e.a.s. að mótshaldarar taka við rekstrinum en greiða LM þóknun. Auglýsa þarf á næstu mánuðum eftir umsóknum um mótið 2024. Framkvæmdastjóri og framkvæmdastjórn LM2018 er búin að skila skýrslu og uppgjöri og verður skýrslan kynnt fljótlega og verður í framhaldi birt á heimasíðu LH.



Íslandsmót 2019

Á landsþingi LH sóttu í sameingu eftirtalin hestamannafélög, Adam, Brimfaxi, Fákur, Hörður, Máni, Sóti, Sprettur og Sörli um að halda Íslandsmót 2019 fullorðinna og barna og unglunga á félagssvæði Fáks í Víðidal. Íslandsmótið var haldið dagana 3.-7. júlí. Mótið var vel sótt og gekk vel. Stjórn þakkar mótshöldurum fyrir vel unnið mót. Enn er óráðið hvar Íslandsmót

fullorðinna og barna og unglinga 2020 verða haldin. En vonast er til að að það ráðist á formannafundinum 1. nóvember.

Skagfirðingur býður heim / landsþing 2020

Hestamannafélagið Skagfirðingu hefur boðist til að halda Landsþing Landssambandsins haustið 2020.



Uppskeruhátíð hestamanna 2018 og 2019

Uppskeruhátíð hestamanna er haldin í samstarfi við Félag hrossabænda. Uppskeruhátíð 2018 var haldin í Gullhömrum og var góð stemning. Uppskeruhátíð 2019 verður svo haldin á Hótel Sögu á morgun 2.nóvember

70 ára afmæli LH

Á þessu ári í desember verður LH 70 ára, í tilefni þess hefur Guðmundur Birkir Þorkellsson verið fengin til þess að hafa samband við fyrrum formenn LH með það verkefni að rita niður minningar um störf þeirra hjá LH. Þessar upplýsingar svo birtar á heimasíðu LH.

Stefnumótun LH og afreksstefna LH

Stjórn LH samþykkti að fara í stefnumótunarvinnu fyrir sambandið, þar sem hlutverk og markmið sambandsins verður greint. Það er hverjum samtökum hollt að líta inná við og endurskoða hlutverk og markmið og marka skýra stefnu til framtíðar sem auðveldar stjórnarmönnum að taka ákvarðanir í samræmi við þá stefnu sem samtökin hafa samþykkt. Ætlunin er að byrja þessa vinnu á formannafundi LH 1.nóvember og halda áfram veturinn 2020, en markmiðið er að vera tilbúin með heildarstefnu LH til samþykktar á landsþingi LH 2020. Auk þess var komin tími á að uppfæra afreksstefnu LH en afrekssjóður ÍSÍ sem LH hefur sótt styrki til krefst þess að afreksstefna sérsambanda sé í stöðugri þróun og mæla með að hún sé samþykkt á hverju landsþingi.



Nýjar áherslur LH í afreksmálum

Með bréfi dags. 19. október 2018 var LH tilkynnt formlega að Landssamband hestamannfélaga hafi verið fært niður um styrkleikaflokk hjá Afrekssjóði ÍSÍ, úr því að vera B-samband niður í neðsta flokk eða C-samband og flokkast þar með sem þróunarsamband í afreksmálum. Það voru mikil vonbrigði fyrir stjórn og landsliðsnefnd LH að þetta hafi orðið raunin. Tilfærslunni var mótmælt við stjórn Afrekssjóðs og formann ÍSÍ, boðað var til fundar

með viðkomandi aðilum til að fá nánari útskýringar og um leið leggja fram ósk um að LH verði fært aftur í flokk B-sambanda hjá Afrekssjóði. Niðurstaða fundarins var að LH yrði skilgreint árið 2019 sem C-samband en gæti verið endurskoðað við næstu umsókn í afrekssjóð fyrir 2020. Í kjölfarið hefur LH gjörbreytt áherslum á afreksstarfi í heild hjá sambandinu. Tekin var ákvörðun um að efla afreksstarf sambandsins verulega með það meginmarkmið að bæta árangur okkar fremsta afreksfólks á öllum sviðum, koma afreksstarfinu í skipulagðara og sýnilegra form. Nánari upplýsingar um breytingar á afreksstarfi LH er að finna í skýrslu landsliðsnefndar. En nefna má hér að í stað þess að velja landslið rétt fyrir HM þá voru tilkynntir tveir landsliðshópar, landsliðshópur fullorðinna og U21 þar sem efnilegir unglingar og ungmenni frá 16-21 árs sem stefna á HM eiga möguleika á að vera valin í. Þessir hópar eru starfandi allan ársins hring með það að markmiði að styrkja knapana bæði andlega og líkamlega sem og að auka færni þeirra til þess að byggja upp hóp knapa til lengri tíma sem geti náð árangri á stórmótum.



HM í Berlín í Þýskalandi

LH sendi öflugt landslið út á HM í Berlín. Mikli vinna var lögð í undirbúning og liðið stóð sig mjög vel, vakti það sérstaka athygli hve liðsheildin var góð Íslenska liðið hlaut sex

gullverðlaun af níu í flokki fullorðinna, eitt gull af níu í flokki ungmenna og fjögur af sex kynbótahrossum sem Íslendingar sendu á mótið urðu efst í sínum flokki. Þetta er besti árangur íslenska liðsins í hestaíþróttum frá 2007. Mjög öflug landsliðsnefnd hélt utan um verkefnið og sá til þess að fjármögnun verkefnisins gekk mjög vel. Mótið var mótshöldurum til mikils sóma í flestum atriðum.

Við heimkomu fékk landsliðið boð í móttöku í mennta- og menningarmálaráðuneytinu þann 30. ágúst og forsteti Íslands bauð einnig til móttöku vegna góðs gengis íslenska landsliðsins í hestaíþróttum en sú móttaka er fyrirhuguð 2. nóvember sama dag og Uppskeruhátíð hestamanna verður haldin. Landsliðsnefnd, stjórn LH og liðsmönnum landsliðsins er mikill heiður að fá þessi boð.

Hæfileikamótun 14 – 17 ára

Nú þegar er hafinn undirbúningur á því að setja af stað afrekshópa 14-17 ára sem verður unnið í samvinnu við hestamannafélögin. Markmiðið er að ná til ungra knapa víðsvegar um landið og byggja þau upp sem keppnisknapa í fremstu röð. Hóparnir verði þá staðsettir eftir landshlutum og lagt upp með að einn umsjónarmaður haldi utan um þetta starf. Hugmyndin með þessu er að byggja upp afreksknapa til framtíðar

Styrkveitingar LH

- LH veitti styrk til íslenskra þátttakenda á Leiðtoganámskeið FEIF 9.-11. nóvember í Hveragerði. Íslensku þáttakendurnir voru fjórir samtals og var styrkurinn 20.000kr á hvern þátttakanda.
- LH veitti Meistaradeild Líflands og æskunnar styrk upp á 60.000kr til þess að halda opin fyrirlestur með Guðmundi Guðmundsyni landsliðsþjálfara í handbolta í nóvember 2018
- LH veitti æskulýðsnefnd Geysis 70.000kr styrk fyrir æskulýðssýningu Geysis 1.maí
- LH veitti hestamannafélaginu Skagfirðingi 70.000kr styrk fyrir sýninguna Æskan og hesturinn á Sauðárkróki 1. maí.
- LH veitti þeim hestamannafélögum sem standa að Æskan og hesturinn á höfuðborgarsvæðinu 70.000kr styrk.

- LH veitti styrk til þátttakenda á leiðtoganámskeiði FEIF í Hollandi. Það er aðeins einn þátttakandi að þessu sinni og styrkurinn er þá 20.000kr

Lokaorð

Það er ljóst að rekstur sambandsins gengur vel og áfram þarf að vinna í þá átt þar sem góður rekstur er undirstaða starfsins okkar. Stjórn Landssambands hestamannafélaga þakkar ánægjulegt samstarf á árinu með von um að við stígum áfram saman til framtíðar með sérstaka áherslu á unga fólkið og nýliðun.

Fyrir hönd stjórnar LH, Lárus Ástmar Hannesson formaður LH